

## Aðalfundur 2002

Aðalfundur FÉLAGS TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI  
verður haldinn **laugardaginn 23. mars n.k.** að Skipholti 37 kl. 10.

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
4. Kosning stjórnar og nefnda.
5. Ákvörðun um félagsgjald.
6. Önnur mál.
7. Fundagerð lesin og borin undir atkvæði

**Athugið!**  
*Fundurinn ferist fram  
um viku vegna páska*

Kaffveitingar að loknum aðalfundi.

*Þar á eftir mun Hrafnkell Gíslason fræða okkur af reynslu  
sinni að lita viðinn og koma með nokkra rennda hluti og sýna*

*Vorferðin verður farin laugardaginn 27. apríl  
kl. 10 frá Skipholtinu*

Fyrirhugað er að aka um Suðurland, heimsækja Sólheima, hitta þar starfsmenn og vistmenn.

Komið verður við hjá félögum okkar í sveitinni þar í kring og munum við að vanda eiga ánægjulegan dag saman.

Fréttabréf FÉLAGS TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI.

Ábm. Trausti B. Óskarsson Laufási 4, 210 Garðabæ. Sími 565 6924  
og Reynir Sveinsson Faxatúni 36, 210 Garðabæ. Sími 565 8588.  
Endurprentun leyfð sé heimildar getið. Uppsetning TBÓ/RS



FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

## Fréttabréf

2. tbl. 8. árg. mars 2002



*Jón Guðmundsson*

Jón hélt erindi á félagsfundinum í janúar um rykhreinsibúnað á vinnustofum. Stendur hann hér við tækið sem hann sýndi og er ekki flókinn búnaður

## Félagsfundurinn í janúar

Jón Guðmundsson plöntulífedl-  
isfræðingur hélt erindi um  
loftræstibúnað sem hann hefur notað  
um árabíl og reynst vel. Um er að  
ræða mjög einfalt tæki sem flestir  
geta smíðað sér án mikils tilkost-  
naðar. Jafnvel má nota ryksugumó-  
tor eða viftu frá eldhús gufugleypi.  
Trekkin er gerð úr blikki eða þun-  
num málm. Sjálfsgagt er einnig hægt

að smíða tækið úr krossvið henti það  
viðkomandi betur.

Öllum ætti að vera ljóst að ryk frá  
rennibekk eða öðrum tækjum er  
engin hollustufæða og sérstaklega  
ekki ef um blautan og sveppaðan við  
er að ræða.

Vinnuteikning með málsetningu er  
af álíka tæki hér aftar í blaðinu.

## Félagsfundurinn í febrúar

Kristján Heiðberg flutti okkur  
fróðleik um rennsli og yfirborðs-  
meðferð á rekaviðarskál. Hann hafði  
forrennt skálina í ca 20 -25 mm  
fyrir meira en ári síðan og geymt til  
þurrkunar. Nú sýndi hann hvernig  
skálin hafði aflagaðst við þurrkun  
og hvernig hann lagfærði sæti fyrir  
patronuna. Renndi skálina niður,  
slípaði og grunnlakaði.

Maðkétinn rekaviður er vandmeð-  
farin eins og þeir vita sem reynt  
hafa.

M.a. vegna þess hvað viðkvæmur  
hann er fyrir að brotna og einnig vill  
vera sandur í honum sem segir til sín  
í bita rennijárna.

Einnig geta kvistir verið harðir þótt

aðrir hlutar viðarins séu mjúkir.

Um yfirborðsmeðferðina sagði  
Kristján að besta aðferðin væri að  
hver og einn reyndi sig áfram þar  
sem ólík sjónarmið væru um gljástig  
yfirborðsins.

Sjálfur notar hann grunnlakk á reka-  
viðinn sem drekkur vel í sig og síðan  
harða antíkolíu. Atriði er að vanda  
til verksins til þess að yfirborðið  
haldist óbreytt árum saman því ekki  
er öruggt að eigandi hlutarins beri á  
hann síðar meir.

Glansandi hlutur við afhendingu  
gæti verið orðinn mattur eftir stuttan  
tíma sé ekki rétt að verki staðið.

## Heimasíða trérennismiða

Verið er að vinna að gerð heimasíðu  
fyrir félagið. Get er ráð fyrir að þar  
verði að finna nýjustu fréttir og  
myndir úr félagsstarfinu.  
Með því verður auðveldara og  
kostnaðarminna að koma fréttum,

fróðleik og öðru sem varðar félagið  
og félagsmenn áleiðis.  
Vonandi verður hún orðin virk fyrir  
sumarbyrjun. Slóðin verður :  
[trerennismiði.is](http://trerennismiði.is)

Við í Ásgarði viljum gjarnan fá að þakka ykkur í  
Rennismiðafélaginu fyrir þessa höfðinglegu gjöf.  
Það gleður okkur mjög mikið að vita til þess að við skulum vera  
ofarlega í hugum fólks. Þessir fallegu hlutir sem þig gáfuð okkur verða  
seldir við fyrsta tækifæri og peningunum varið í uppbyggingu Ásgarðs.

Kær kveðja.  
Starfsmenn Ásgarðs

## HJÁ GYLFA

Klukkuverk, klukkuskífur  
vísar og rammar í úrvali  
há Gylfa. Sími 555 1212.



Velkomin á [gylfi.com](http://gylfi.com)

## Það er rennt í Keflavík

Gunnar Guðmundsson húsasmiður býr í Keflavík og er nú á eftirlaunum. Faðir Gunnars Guðmundur Hannesson sem einnig var húsasmiður bjó á Stokkseyri. Gunnar ólst þar upp og man eftir því að hafa stigið trérennibekk hjá föður sínum sem var þá að gera við húsgögn og fl. þurfti þá gjarnan að renna hluti til að endurnýja svo sem stóllappir. Ekki fannst Gunnari það skemmtilegt verk að stíga rennibekkin. Eitt af því sem Gunnar tók sér fyrir hendur þegar hann fór á eftirlaun var að sækja renninámskeið og kaupa sér áhöld fyrir þá iðju. Hann hefur nú náð góðum árangri og sýndi riturum fréttabréfsins nokkuð af þeim smíðisgripum sem hann hefur gert. Á myndum sem hér fylgja má sjá rokka og snældustokk, .

Það er talsvert vandaverk að renna rokk eins og hann er samansettur úr mörgum hlutum sem þurfa að smella saman. Rokkarnir sem hann sýndi okkur voru ekki allir með sama munstrinu sem sýnir að hann er tilbúinn að reyna við ýmis form við gerð þeirra. Fyrsta rokkinn mældi hann upp og teiknaði hjá Hirti Leo á Eyrabakka. Hann segist oftast gera vinnuteikningu áður en hann byrjar smíðina. Rokkana hefur hann rennt úr furu, birki og mahony. Þeir eru sumir gerðir úr tveim viðartegundum og annar þeirra litaður sem gefur sérstakt og skemmtilegt yfirbragð. RS/TBÓ



Gunnar stendur hér við rokka sem hann hefur smíðað. Sá til vinstri er birki og mahony. Mahony viðurinn er litaður lítið eitt með bæs áður en lakkað er yfir.

Hér sýnir Gunnar hvernig rokknum er púslað saman og allt fellur vel



Nova rennibekkur er í bílskúrnum. Gunnar hefur smíðað hringlaga plötu sem hann festir rokkhjólíð á.

## Myndir frá félagsfundinum í janúar og febrúar



Hluti fundarmanna sem hlýddu á erindi- Jóns Guðmundssonar

Á kaffistofunni. Menn skeggræða mál líðandi stundar. Gefa góð ráð. Þeir sem koma með handverk sitt á fundina fá umsagnir frá félögum



## Kristján Heiðberg



Forrendar skálar



Púði á driföxli




Skálin á púða



Endaoddur




Rennd



Hefluð

Slípuð



Yfirborðsmeðferð



## Oli Jakob Nielsen



Oli Jakob Nielsen frá Færeyjum var hér í heimsókn í janúar. Var hann á vegum norræns samstarfs með sýningu á lömpum og skálum í sölubúð við Fjörukrána í Hafnarfirði.

Oli hefur sérhæft sig í rennsli á lampaskermum þar sem ljósið nær að skína í gegn og kemur þá fram fegurð viðarins og áhringirnir. Skermarnir eru renndir allt niður í 1-2 mm efnisþykkt. Oli sýndi mönnum handbragð sitt við rennibekkinn af og til meðan á sýningunni stóð. Hann rennir einvörðungu úr Færeyskum viði. Ljóst er að

Oli hefur náð mikilli færni í rennismíði og hönnun. Félagsmenn buðu Ola heim og einnig út að borða. Hann starfar við kennslu handmenntakennara í Færeyjum. Handverk hans má sjá á netinu [www.craft.fo](http://www.craft.fo)



Frá sýningu Ola Jakob Nielsen í Hafnarfirði í jan. s.l.

## Haustsýningin

Vakin er athygli félagsmanna á að vegna skipulags og undirbúnings er nauðsynlegt fyrir sýninganefnd að félagsmenn bregðist fljótt og vel við. Geri vart við sig svo sjá megi hver er áhugi félagsmanna. Hætt er við að sumartíminn nýtist ekki vel fyrir undirbúning vegna anna manna úti við.

Sýninganefndinni er því mikið í mun að þið hafið samband sem fyrst. Karl Helgi Gíslason sem er í forsvari fyrir sýninguna er í síma 553 1580 og vinsamlegast hafið samband. Eins og áður hefur komið fram vonumst við eftir sem mestri fjölbreytni og listrænu útliti.

## Lofthreinsibúnaður

Eins og menn muna gerði Jón Guðmundsson grein fyrir smíði á lofthreinsibúnaði í fréttabréfinu fyrir nokkru síðan.

Hér kemur önnur teikning á áþekku tæki.

Vonandi prentast myndin það vel að lesa megi stærðarhlutföll á töflunni neðan við myndina. Öll mál eru í tommum.

Taflan nær yfir þrjár stærðir af tækinu. Þá hafa okkur borist upplýsingar um heimasíðu fyrirtækis sem framleiðir slík tæki og geta menn skoðað það nánar.

<http://www.oneida-air.com/indexbody.htm>


Karl Gíslason mun athuga með tilboð frá blikksmiðju í smíði tækis af þessari gerð og upplýsist um það síðar.

Náist samstaða um smíði á nokkrum tækjum er sjálfsagt hægt að gera betri kaup.

## Félagsgjaldið

Giroseðill fyrir félagsgjaldið 2002 fylgir þessu fréttabréfi. Vinsamlegast gerið skil sem allra fyrst.

Með kveðju frá gjaldkera



## *Að lita með akrillitum*

Ef lita á rennt tré með akrillitum þarf að pússa hlutinn mjög vel og enda með mjög fínum sandpappír t. d. 400. Síðan er mjög gott að vatnsbera hlutinn, láta hann þorna vel og að lokum pússa með fínum pappír eða slípmottu. Mjög mikilvægt er að losna við allar þverrispur úr viðnum því ef t. d. endað



er með hvítu laming vaxi er hætt við að hvítar þverrákir verði á hlutnum.

Nú er komið að því að velja liti. Mér hefur reynst mjög vel að nota matta liti sem ég kaupí í næstu föndurbúð í litlum dósum. Þegar búið er að velja rétta litinn er best að þynna aðeins það magn sem maður ætlar að nota hverju sinni. Gott er að prufa litinn á sama efni og hluturinn er sem á að lita .

Nú er komið að sjálfri lituninni. Þá byrjar maður á því að bleyta viðinn aðeins með rökum svampi, en það er gert til þess að opna viðinn svo að liturinn gangi betur í samband við

hlutinn sem unnið er með. Ef ekki á að lita allan hlutinn t. d. bara rönd á disk á bara að bleyta þann hluta sem lita skal. Þegar búið er að bleyta viðinn ber maður litinn á og best er að nota frekar stífan pensil. Ef maður er ekki ánægður með árangurinn getur maður málað aðra umferð yfir þegar liturinn hefur þornað.

Nú er komið að yfirborðs meðferðinni. Þegar liturinn hefur þornað vel er mjög gott að pússa yfir með pappír eða mottu. Varast þarf að pússa ekki í gegnum litinn á skörpu brúnum og bugðum. Ef ekki á að lita meira er hluturinn tilbúinn undir olú eða lakk. Ef lita á meira ofan í þann lit sem kominn er t. d. með hvítu eða svörtu vaxi þarf að grunna allan hlutinn með sellulosa eða spritt grunni, láta þorna vel og slípa síðan með mottu eða fínum pappír. Þegar búið er að slípa er mjög gott að hreinsa víurnar í viðnum með stífum busta til að fá pláss fyrir vaxið. Síðan ber maður vaxið á með pappírsklút, lætur það þorna í smá stund og þrífur síðan umframvaxið af með klút bleyttum í olú. Ekki má spara pappírsklútana nota sífellt hreinan pappír. Þegar búið er að þrífa allt vaxið af hlutnum nema það sem eftir situr í víunum er hægt að bera á hann olú eftir smekk hvers og eins og þar með er verkið fullbúið.

Hrafnkell Gíslason

## *Matthias Andrésson myndskurðarmeistari*

Í janúar s.l. sæmdi foseti Íslands Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Matthias Andrésyni Fálkaorðu íslenska lýðveldisins. Matthias hefur á starfsævinni skorið út marga fagra muni, svo sem aska, gestabækur, skírnarfonta. Skjaldamerkið í dómsali Hæstaréttar, skýnnarfont í kirkjuna við safnið að Skógum og m. fl. Matthias hefur haldið námskeið í tréskurði um margra ára skeið. Við óskum honum til hamingju með tilnefninguna sem hann er vel að kominn



*Ljós. Marta Matthiasdóttir*



Matthias við síðasta verk sitt sem hann skar út á Kanaríeyjum .



Askur renndur og útskorinn af Matthiasi Andrésyni

**Horn og bein.** Matthias hefur um árabil haldið uppi merki fyrri tíma handverks og hefða. Bæði með því að vinna marga fagra gripi og miðla af kunnáttu sinni með námskeiðum í meðferð á horni og beini í anda þess sem áður fyrr var algengt í sveitum

svo sem smíði spóna til borðhalds, tóbakspunga, nálahúsa og f.l. sem mótað er slípað og fægt og oftast en ekki skorið út. Matthias bíður enn þá upp á þessi námskeið og þarf 5-6 nemendur til að koma því á.

## Vilhjálmur Sigurjónsson rennismiðameistari

### Gætið að

*Þótt trérennismiðin sé einatt hin mesta skemmtun má ekki gleyma því að henni fylgja nokkrar hættur, sem sumar hverjar geta verið stórvarasamar ef viðeigandi aðgát er ekki höfð í heiðri. Hér á eftir verður imprað á nokkrum hættum sem alltaf verður að huga að.*

### Höggskaðar

Það sem hér eru kallaðir höggskaðar eru allar þær hættur sem stafa af því ef ‘fjúgandi furðuhlutur’ lendir á rennismiðnum við vinnu sína. Þar er fyrst og fremst um það að ræða ef hlutir losna úr festingum meðan á rennsli stendur eða ef hluturinn sem verið er að renna brotnar og hluti hans flýgur út í loftið. Þá verður einnig að taka með spænina sjálfa sem þyrlast út í loftið við rennsli og geta skaðað augu. Þá er til í dæminu að rennijárnin sé nánast hrífsuð úr höndum smiðsins og ef óheppnin er með geta þau lamið harkalega.

Það sem er til ráða gagnvart ofantöldu er ýmislegt, og reyndar svo áhrifaríkt að slys eru afar fátíð ef rétt er að farið. Í fyrsta lagi þarf að standa rétt við rennibekkinn, hafa líkamann utan hættusvæðis eins og kostur er þannig að ef eitthvað flýgur af stað lendi það annarsstaðar en á smiðnum.

Í öðru lagi þarf að huga vel að því hvernig stykkið sem verið er að renna er fest í bekkinn. Ekki má vera of mikið kast á hlutum og er það hættulegra eftir því sem rennibekkurinn snýst hraðar. Patrónur þarf að herða vel, en þó ekki svo að þær merji og brjóti viðfangsefnið. Stubbar sem spennir er á verða að vera með hæfilegu þvermáli fyrir patrónuna og skrufpatrónur ætti ekki að nota í endatré nema með sérstakri aðgát.

Hlífdarglæraugu eða hjálmur eru sjálfsagðir við alla vinnu við rennibekkinn ef standa þarf í kastgeira hlutarins sem verið er að renna. Undirritaður hefur lent í því að stór skál úr beyki brotnaði í rennsli, með háum hveli og gerðist það þegar engin átök áttu sér stað með rennijárninu. Greinilegt var við skoðun eftir á að sprunga var í efninu og þegar nægilega mikið hafði verið rennt af því dugði örlítill snerting til að hjálpa miðflóttaaflinu að kljúfa bitann af. Búturinn lennti á milli augna minna af þó nokkru afli og þetta var svo óvænt að ég missti jafnvægið og vissi næst af mér sitjandi á spónahrúgunni á gólfinu. Hins vegar varð ekkert slys við þetta, góð hlífdarglæraugu tóku allt höggi á sig.

Sjálfsagt er að venja sig frá upphafi á notkun viðeigandi varna og verður það þá ósjálfráður vani, en til þess þurfa öryggisglæraugu að vera þægileg og sitja vel. Slíkir gripir kosta ekki mikið meira en þúsund krónur og eru þá úr sérstöku harðplasti sem er gert til að taka við höggi.

Þeir sem nota glæraugu verða að nota annarskonar hlífar, þá gagnast stór hlífdarglæraugu sem minna á kafaraglæraugu. Sumum finnast þau ekki þægileg og þá er hægt að nota skermhlífar sem eru fyrir öllu andlitinu og sitja á ennisgjörð. Þannig hlíf ættu allir trérennismiðir hvort eð er að eiga til þess að nota við smergelið.

Ein er sú hætta að patrónan eða viðfangsefnið slái í rennismiðinn eða það sem er enn hættulegra, grípi í fatnaðinn og þá getur farið illa. Allur fatnaður þarf að vera við hæfi, ermar ekki of síðar og víðar; fatnaður má ekki vera flaksandi eða óbundið belti lafandi framan á vinnuslopp. Sumir nota sérstakar flíkur við rennslið, sem eru hnepptar að aftan

og með háu hnepptu hálsmáli til að spænirnir fari ekki niður með því. Aðrir nota ódýra þunna málarasamfestinga úr sterkum pappírstrefjum, þeir fást í byggingavöruverslunum, og duga nokkuð en eru ekki gerðir fyrir þvott, heldur er hent þegar þeir eru orðnir of skítugir. Slíkar flíkur eru góðar, en ekki nauðsynlegar ef gætt er að ermum.

Úr, skartgripi og hringa ættu rennismiðir ekki að hafa við iðju sína af öryggisástæðum.

### Lungnaskaðar og ofnæmi

Það eru fleiri hættur við rennibekkinn en höggskaðvaldar og geta þær verið varasamari vegna þess að þær eru ekki eins sýnilegar. Þar er fyrst til að taka ryk sem myndast við pússun. Ryk margra viðartegunda er þess eðlis að það getur valdið lungnasköðum, þembu, asma og ofnæmi. Algengar ertandi viðartegundir eru t.d. Oregonpine og sedrusviður. Einnig getur ýmislegt leynst í viðinum sem leysist úr læðingi við rennslið og eru sveppir og mygla dæmi um slíkar hættur. Þótt sveplitaður viður sé fallegur getur hann verið varasamur, jafnvel lífshættulegur sumum.

Þá verður að nefna yfirborðsefnin, í sumum þeirra eru hættuleg rokgjörn efni, sem geta verið varasöm og er rétt að huga vel að umhverfisáhrifum allra efna sem notuð eru.

Það er nokkuð einstaklingsbundið hve næmir menn eru fyrir svona ertingu sem að framan greinir, og ekki er að marka þótt menn verði ekki strax varir við einkennin, þolið getur minnkað og ofnæmi byggst upp með endurteknu áreiti. Það er rétt að menn varist þær viðartegundir sem erta, fyrstu einkenni eru oftast í augum, þau þrútna og verða rauð, en síðan segir nefið til sín, fyrst hnerri og síðan nefrennsli. Verði slíks vart ættu menn að leggja kapp á að finna út hvað veldur ertingunni og setja það efni svo tafarlaust á bannlista á sínu vinnusvæði.

Góð loftræsting er nauðsynleg til að minnka ryk og kusk, hreinsið verkstæðið reglulega og þvoið gólfíð af og til ef hægt er. Ryksugur eru oft til mikilla bóta, einnig spónsugur, en þær verður að umgangast með aðgát því þær eru flestar þess eðlis að blása fínasta rykinu aftur út í loftið út um taupokann sem er á þeim.

Notið rykgrímur fyrir vitin við alla vinnu sem rykar. Pappírsgrímur með vír sem er beyglaður yfir nefið eru ekki góðar nema í neyð. Þær falla of illa til að gera gagn. Vandaðri filtgrímur eru peninganna virði, einnaota gríma kosta um 50 kr. en filtgríma með plastneti, tvöfaldri teygju og loftventli kosta þó ekki nema 2-300 kr. og endast margfalt á við hinar. Loftventillinn er mikilvægur því það er ekki bara að gríman rakamettast ekki sem veldur því að hún stíflast heldur einnig það að sé maður með glæraugu hindrar hann að hvímeið móða setjist á þau eins og ævinlega gerist með pappírsgrímunum.

Séu menn viðkvæmir fyrir ryki er vandaður hjálmur með síu og loftblæstri fyllilega peninganna virði þótt dýrir séu. Þeir kosta 10-20.000 og eru ýmist til með innbyggðri rafhlöðuknúinni loftdælu eða með þrýstiminnkara til að tengja við loftslöngu. Mildum loftblæstri er dælt stöðugt inn í grímuna og andar hún því út um þar til gerð göt. Þessar grímur eru með þéttingu að vanga og hálsi og veldur þetta því að inni í henni er örlítill yfirþrýstingur og hindrar það allt ryk í að leita inn í hana um glufur. Þá hindrar loftstreymið einnig alla móðu, sem menn kannast við af hjálmgrímunum. Þessir hjálmur eru svo rúmir að glæraugu eru ekki til trafala í þeim.

Það er mikil ánægja fólgin í því að skapa fallega hluti í rennibekk. Menn ættu því að gæta að því að með hæfilegri aðgát getur sú ánægja enst mönnum í áratugi.